

Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar
b.t. Elísabetar Pétursdóttur, verkefnastjóra

Ráðhús Reykjavíkur

Reykjavík, 18. maí 2020
VEL2020010043
4.5
R20010241

Efni: *Umsögn velferðarsviðs um fyrirspurn Flokks fólksins*

Á fundi mannréttinda-, nýsköpunar-, og lýðræðisráðs þann 9. janúar var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins:

Tillögu Flokk fólksins um úrræði fyrir foreldra barna sem sýna árásargirni og ofbeldi var hafnað af Ofbeldisvarnarnefnd á fundi 16. desember 2019 á þeim forsendum að verið væri „að setja á fót stofnun um miðlæga þjónustu sem mætti þessari þörf“. Spurt er hvernig staðan er á þeirri framkvæmd og hvenær búast viðkomandi aðilar að stofnunin taki til starfa?

Vísað hér með til umsagnar velferðasviðs.

Keðjan, ný starfseining innan velferðarsviðs Reykjavíkurborgar opnaði formlega þann 15. janúar sl. Með tilkomu Keðjunnar verður framkvæmd stuðningsþjónustu veitt frá einum starfsstað í stað fimm áður. Aðgengi notenda að þjónustunni verður eftir sem áður í gegnum þjónustumiðstöðvar velferðarsviðs. Í Keðjunni verður lögð áhersla á þróun hinna ýmsu úrræða, bæði þeirra úrræða sem velferðarsvið hefur yfir að ráða í dag, en eins verður leitast við að tryggja framboð af þeim úrræðum og þekkingu sem þörf er á hverju sinni. Sum úrræði velferðarsviðs geta í dag mætt þörfum foreldra sem eiga börn sem sýna árásargirni og ofbeldi s.s. PMTO foreldrafærni námskeið og önnur námskeið sem haldin eru. Eins er veitt uppeldisráðgjöf á heimili og fagaðilar reyna að styðja foreldra gegnum viðtöl. Ef um barnaverndarmál er að ræða þá geta starfsmann Barnaverndarnefndar sótt í úrræði Barnaverndarstofu s.s. MST. Nánar er vísað í umsögn Barnaverndar Reykjavíkur dags. 14. nóvember 2019 vegna tillögu áheyrnarfulltrúa Flokk fólksins sem lögð var fyrir Ofbeldisvarnarnefnd 16. desember 2019.

Í febrúar n.k. opnar Keðjan nýtt úrræði sem ætlað er börnum með alvarlega geð- og þroskaraskanir en markmið þjónustunnar er að veita **heildræna þjónustu fyrir börn og ungmenni með fjölþættan vanda** m.a. börnum og ungmennum sem mögulega kunna að sýna árásargirni og ofbeldi. Úrræðið mun veita stuðning og ráðgjöf inn á heimili barnsins, bjóða hópastarf og smíðjur fyrir þau börn og ungmenni sem vilja efla félagsfærni sína og gefa börnum kost á því að dvelja utan heimilis í sólarhringsdvöl eftir aðstæðum hverju sinni. Velferðarsvið rekur jafnframt skammtímadvalir og heimili fyrir fötluð börn sem sökum fötlunar sinnar kunna að sýna árásargirni og beita ofbeldi.

Virðingarfyllst

Kristjana Gunnarsdóttir